

LISTASAFN ALPÝÐU:



Fjölmenni var við opnun sýningarinnar á málverkum Gísla Jónssonar. (Ljósmynd — gel)



Gísli Jónsson frá Búrfellskoti (1878-1944).

einhvers virði, að það veiti honum andlega fullnægju á því sviði sem hugur hans stendur til, og að engin fátækt geti verið verri en afneitun þess". — eös

Guðmundur Jónsson óperusöngvari sextugur

Guðmundur Jónsson, óperusöngvari og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins verður 60 ára laugardaginn 10. maí n.k. Af því tilefni efna nokkrir vinir hans og velunnarar til tónleika í Þjóðleikhúsinu á afmælisdegi hans. Tónleikarnir hefjast kl. 14.30. Dagskráin verður mjög fjölbreytt. Um 10 helstu einsöngvarar landsins koma þarna fram, auk tveggja þekktara kóra og undirleikara. Nær 100 söngvarar og undirleikarar taka þátt í tónleikunum og flytja nær 20 atriði, þar á meðal árur og dúetta úr þekktum óperum, íslensk lög og kórlög o.fl.

Sýning á verkum Gísla Jónssonar

Fyrsta opinbera sýningin í nýju húsnæði Listasafns alpýðu að Grensásvegi 16 var opnuð 1. maí og lýkur 25. maí. Þetta er sýning á málverkum Gísla Jónssonar frá Búrfellskoti, en síðast var haldin sýning á verkum Gísla árið 1943, ári áður en hann lést.

A sýningunni eru 78 málverk og hafa fjölmargir eigendur þeirra lánað safninu þau til sýningar.

Gísli Jónsson var óskólaður alþýðumálari, naut aðeins nokkurrar tilsagnar á Akureyri hjá Einari Jónssyni málara frá Fossi í Mýrdal. Gísli bjó í Hafnarfirði, en síðar á Skansinum á Bessastabanesi og í Reykjavík með seinni konu sinni Björgu Böðvarsdóttur.

Björn Th. Björnsson listfræðingur segir meðal annars um Gísla í sýningarskrá: „Fáir Íslendingar það ég veit, hafa kjórið sjálfum sér erfiðari braut fátæktar og umkomuleysis, til þess að geta þjónað ástríðu sinni til listar. Í þeirri sögu er hinsvegar enginn frægðartindur, og eina sólin sem þar skín er sú sem hann bjó sjálfur til í myndum sínum. Hann er sigilt dæmi um mann sem finnst lífið því aðeins

60 ÁRA AFMÆLI GERMANÍU:

Klee og Kandinsky

Grafíkmyndir þýskra expressionista sýndar á Kjarvalsstöðum 10.-18. maí




Paul Klee. Myndin er tekin í Berlín nokkrum árum fyrir dauða hans.

60 ára afmælishátíð Germaníu verður haldin á Kjarvalsstöðum 10. maí og jafnframt verður opnuð þar sýning á grafíkmyndum þýskra expressionista, og stendur hún til 18. maí.

Hátíðardagskráin hefst kl. 14 á laugardag með ávarpi formanns Germaníu en síðan flytur Þórir Einarsson prófessor ræðu. Þá verður flutt kveðja frá Þýskalandi og Coletta Burling, sendikennari kynnir grafík-sýninguna. Sendiherra V. Þjóðverja Raimund Hergt opnar sýninguna. Reykjavíkur Ensemble leikur verk eftir Schumann og Jón Ásgeirsson.

Að grafík-sýningunni standa Germanía og þýska bókasafnið og er sýningin komin frá Institut für Auslandsbeziehungen í Stuttgart. Á sýningunni eru margar frægar grafíkmyndir meistara expressionismans, m.a. myndir eftir Klee, Kandinsky, Grosz, Heckel og Nolde.



Trérista eftir Wassily Kandinsky frá 1922, Litlir heimar VIII (Kleine Welten VIII).

Afmæli í Þjóðleikhúsinu

Meðal einsöngvaranna eru Magnús Jónsson, Þuríður Pálsdóttir, Kristinn Hallsson, Jón Sigurbjörnsson, Sigurður Björnsson, Sieglinda Kahman, Svala Nielsen, Sigurveig Hjaltastéð og Elin Sigurvinsdóttir, auk Guðmundar sjálfs.

Aðgöngumiðar eru afgreiddir í Þjóðleikhúsinu, hjá Astvaldi Magnússyni, formanni Karla-kórs Reykjavíkur og Söngskólanum í Reykjavík.

Guðmundur Jónsson er fæddur í Reykjavík 10. maí 1920. Foreldrar hans voru Halldóra Guðmundsdóttir og Jón Þorvarðarson, kaupmaður. Guðmundur útskrifaðist úr Verslunarskóla Íslands árið 1937. Á yngri árum vann hann við verslunarstörf. Guðmundur er Vesturbæingur í húð og hár. Hann hefur frá barnæsku verið mikill aðdáandi KR og fylgist enn á áhuga með starfsemi félagsins.

Guðmundur fór að syngja ungar að árum. Hann stundaði söngnám hjá Péttri Jónssyni óperusöngvara 1941-1943. Sigldi til Ameríku á stríðsárunum og var við söngnám í Los Angeles árin 1943-1946. Aðalkennari hans var Lazar Samoiloff. Þá stundaði hann nám við Musikaliska Akademien í Stokkhólmi 1947-1949 og í Vínarborg 1959-1960. Aðalkennari hans í Vín var prófessor Steinbrück.

Guðmundur kom fyrst fram í kórverkinu „Árstíðirnar“ eftir Haydn með söngfélaginu „Hörpu“ 1943. Hann söng titilhlutverk í óperunni „Rigoletto“ eftir Verdi í Þjóðleikhúsinu, er frumsýnt var 3. júní 1951. Var það fyrsta óperan, sem leikhúsið sýndi. Þar vann Guðmundur mikinn sigur, sem lengi verður í minnum hafður. Síðan hefur hann sungið í fjölmörgum óperum og óperettum hjá Þjóðleikhúsinu. Þá söng hann einnig „Rigoletto“ á